

SAMÞYKKT

um hundahald í Bláskógabyggð.

1. gr.

Hundahald.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Bláskógabyggðar. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar er þó heimilt að veita einstaklingum búsettum í Bláskógabyggð undanþágu til hundahalds að uppfylltum skilyrðum í samþykkt þessari. Óheimilt er að veita undanþágu til hundahalds í sambýlis- eða fjölbýlishúsi, nema ákvæði 41. gr. laga nr. 26/1994 sé uppfyllt. Raðhús telst ekki sambýlishús nema um sameiginlega lóð sé að ræða.

Víkja má frá fyrimælum samþykktar þessarar sem banna eða takmarka umferð og dvöl hunda á tilteknum stöðum þegar um er að ræða hunda, sem notaðir eru til löggæslu- eða björgunarstarfa eða sem leiðsöguhundar sjónskertra.

2. gr.

Undanþága.

Einstaklingur sem fær undanþágu til hundahalds skal eiga lögheimili í sveitarfélaginu, hafa náð 18 ára að aldri og vera sjálfráða.

Sérhver undanþága til hundahalds gildir til eins árs í senn. Fyrir 31. janúar ár hvert skal leyfishafi skila inn til sveitarfélagsins beiðni um framlengingu, sbr. 3. gr.

Undanþága til hundahalds er bundin nafni og lögheimili einstaklings og einskorðast við tilgreindan hund. Undanþágan er ekki framseljanleg.

Undanþága til hundahalds er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að hundurinn gangi aldrei laus á almannafæri innan skipulagðs þéttbýlis eða í samþykktum frístundabyggðum, heldur sé í fylgd með einhverjum sem hefur fullt vald yfir honum.
2. Að hundurinn fari ekki inn í skólahús, opinberar byggingar, matvöruverslanir eða aðra þá staði sem taldir eru upp í fylgiskjali 3 við reglugerð um hollustuhætti, nr. 941/2002. Heimilt er þó að hleypa hjálparhundum inn á viðkomandi staði.
3. Að hreinsa tryggilega upp saur sem hundurinn skilur eftir sig á almannafæri í skipulögðu þéttbýli eða samþykktum frístundabyggðum.
4. Að hundurinn raski ekki ró íbúa sveitarfélagsins og sé hvorki þeim né þeim sem um sveitarfélagið fara til óþæginda, með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta, slysaættu eða ógnunar.
5. Að hundurinn sé ábyrgðartryggður gagnvart tjóni sem hann kann að valda mönnum, dýrum og munum.
6. Að hundurinn sé ormahreinsaður.
7. Að meðferð hundsins sé í samræmi við reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni, nr. 1077/2004.

Við brot á einhverjum ofangreindra sjö liða fellur undanþága til hundahalds úr gildi. Sveitarstjórn er jafnframt heimilt hvenær sem er að afturkalla undanþágu einstaks hunds eða allar undanþágur, telji hún þess þörf.

Fái einstaklingur undanþágu til hundahalds fær hann afhenta plötu með leyfisnúmeri sveitarfélagsins. Skal hundurinn alltaf bera plötuna ásamt upplýsingum um símanúmer eiganda.

Niðurfelling undanþágu til hundahalds skal tilkynnt ábyrgðaraðila bréflaga. Skulu honum gefnir 7 dagar til að andmæla niðurfellingunni skriflega. Að öðru leyti fer ákvarðanatáka á niðurfellingu undanþágunnar samkvæmt málsmeðferðarreglum stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Hvolpar undir þriggja mánaða aldri eru undanþegnir banni um hundahald.

Skylt er að tilkynna alla hunda sem dvelja í sveitarfélaginu til skamms tíma og eru skráðir hjá öðru sveitarfélagi. Ef hundur dvelur lengur en 30 daga á 12 mánaða tímabili er skylt að sækja um undanþágu sbr. 3. gr.

3. gr.

Umsókn.

Umsókn um undanþágu til hundahalds fer þannig fram:

1. Umsókn, ásamt fylgigögnum, skal berast skrifstofu sveitarfélagsins á þar til gerðu umsóknareyðublaði.
2. Í umsókninni skal koma fram nafn ábyrgðaraðila, kennitala, lögheimili, símanúmer, nafn hunds, tegund hunds, aldur hunds og ástæður til umsóknarinnar. Fylgigögn skulu vera sjálfræðisvottorð ábyrgðaraðila, staðfesting dýralæknis á ormahreinsun hundsins, staðfesting á ábyrgðartryggingu hundsins og mynd af hundinum á rafrænu formi. Einnig skal hundurinn vera auðkenndur varanlega samkvæmt reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahalds í atvinnuskyni, nr. 1077/2004 og skal varanlegt merki hans koma fram í umsókn.

Tilkynning um tímabundna dvöl hunda í sveitarfélaginu sbr. 2. gr. skal berast eigi síðar en fyrsta virka dag sem hundinum er ætlað að dvelja í sveitarfélaginu. Tilkynningin skal innihalda nafn ábyrgðaraðila, kennitölu, lögheimili, símanúmer, nafn hunds, tegund hunds, aldur hunds, varanlegt merki og í hvaða sveitarfélagi hundurinn er skráður.

Ábyrgðaraðila hunds sem dvelur tímabundið í sveitarfélaginu er skylt að fara eftir ákvæðum samþykktar þessarar. Úrræði sveitarfélagsins eru þau sömu við tímabundna dvöl hunda og þeirra sem eru með undanþágu skv. samþykkt þessari.

4. gr.

Viðurlög.

Ef hundur telst hættulegur getur eftirlitsaðili, tjónþoli eða forráðamaður hans krafist þess að hundurinn verði aflífaður og er þá skylt að verða við þeirri kröfu, enda hafi verið leitað álits sérfróðra aðila, s.s. dýralækna eða hundaþjálfara, sem viðurkenndir eru af Heilbrigðis-
eftirliti Suðurlands, áður en ákvörðun um aflifun er tekin. Um aflifun hunda fer skv. 8. gr. reglugerðar nr. 1077/2004.

Hundur í Bláskógabyggð sem ekki er á undanþágu samkvæmt samþykkt þessari skal handsamaður af hundaeftirlitsmanni Bláskógabyggðar og færður í viðeigandi geymslu. Handsömun hundsins skal auglýst á heimasíðu Bláskógabyggðar og verði hans ekki vitjað innan sex sólahringa er hann aflífaður.

Hundur með undanþáguleyfi sem handsamaður er af hundaeftirlitsmanni skal færður í viðeigandi geymslu. Handsömun hundsins skal auglýst á heimasíðu Bláskógabyggðar. Jafnframt er ábyrgðaraðila hundsins tilkynnt um handsömunina eins fljótt og auðið er og hefur hann þá allt að sjö sólahringa til að bregðast við henni. Sé hundsins ekki vitjað innan þess tíma skal hann aflífaður.

5. gr.

Gjaldtaka.

Hundaeigendur skulu árlega greiða sveitarsjóði gjald til að standa straum af skráningu og eftirliti með hundahaldi. Sá sem á fleiri en einn hund skal greiða gjald af hverjum hundi fyrir sig. Sveitarstjórn ákveður, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, upphæð gjaldsins, og nánara fyrirkomulag gjaldtöku, í sérstakri gjaldskrá. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn lætur birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

Í gjaldskránni skal tilgreind gjaldtaka vegna eftirtalinna liða:

1. Gjaldtaka vegna kostnaðar við veitta undanþágu.
2. Gjaldtaka vegna kostnaðar við brot á undanþágu.

Gjaldtaka vegna undanþágu hefur eindaga einum mánuði eftir útgáfu reiknings og sé ekki greitt innan þess tíma fellur undanþágan niður.

6. gr.

Framkvæmd.

Eftirlitsaðili fyrir hönd sveitarstjórnar er Þjónustumiðstöð Bláskógabyggðar og sjá starfsmenn hennar um framkvæmd og eftirlit með samþykkt þessari. Starfsmenn þjónustumiðstöðvar, eða fulltrúi hennar, geta leitað aðstoðar lögreglu og/eða dýralæknis við framkvæmd starfa sinna, ef hundur er að mati þeirra hættulegur umhverfi sínu og/eða vörsluaðili hundsins tálmar framkvæmd samþykktar þessarar og almannahagsmunir og/eða heilbrigðissjónarmið valda því að nauðsyn beri til að leita aðstoðar við að fjarlægja hund. Við störf sín vegna framkvæmdar á samþykkt þessari starfa starfsmenn þjónustumiðstöðvar, eða fulltrúi hennar, undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Ýmis ákvæði.

Með mál út af samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála og í samræmi við VI. og VII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Bláskógabyggðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 672/2003 um hundahald í Bláskógabyggð.

Umhverfissráðuneytinu, 25. júlí 2007.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.